

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 2001

26. mars 2001

17

Nr. 9

LÖG

**um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Ef $\frac{2}{3}$ tekna þess hjóna sem ellilífeyris nýtur nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að $\frac{2}{3}$ tekna þess nái þeirri fjárhæð.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Ef $\frac{2}{3}$ tekna annars hvors hjónanna nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 2. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að $\frac{2}{3}$ tekna þess nái þeirri fjárhæð.
- c. 2. málsl. 7. mgr. orðast svo: Ef $\frac{2}{3}$ tekna annars hvors hjóna nema lægri fjárhæð en 300.000 kr. á ári skal, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl., aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að $\frac{2}{3}$ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeir ellilífeyrisþegar, sem 2., 3. og 7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, hafa átt við tímabilið 1. janúar 2001 til 31. mars 2001 skulu eiga rétt á greiðslum á tekjutryggingu ellilífeyris sem reiknast á þann hátt sem greinir í 1. gr. laga þessara. Frá tekjutryggingu reiknaðri með þessum hætti skulu dragast þær greiðslur tekjutryggingar sem viðkomandi ellilífeyrisþegi hefur þegar fengið. Greiðslurnar skulu bera 5,5% ársvexti frá þeim degi er lífeyrisþeginn fyrst gat átt rétt á að fá greiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 117/1993 um það efni. Vextir skulu greiðast þó að ekki hafi legið fyrir umsókn um tekjutryggingu frá viðkomandi lífeyrisþega.

II.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa frumkvæði að greiðslum samkvæmt bráðabirgða-ákvæði I í þeim tilvikum þar sem hún hefur í höndum umsóknir frá lífeyrisþegum og upplýsingar sem duga til að reikna út fjárhæðirnar sem greiða skal. Liggi fyrir umsóknir án nægilegra upplýsinga skal Tryggingastofnun ríkisins beina áskorun til viðkomandi lífeyrisþega um að bæta þar úr innan hæfilegs frests sem stofnunin ákveður. Miðað skal við að allar greiðslur sem stofnunin getur sjálf reiknað án atbeina lífeyrisþega hafi átt sér stað fyrir 1. maí 2001.

III.

Þeir ellilífeyrisþegar sem telja sig eiga rétt á tekjutryggingu skv. 1. gr. laga þessara, en hafa ekki sótt um fyrir umrætt tímabil, geta sótt um tekjutryggingu sér til handa og skulu þeir þá fá úrlausn í samræmi við reglur bráðabirgðaákvæðis I í lögum þessum, sbr. 48. gr. laga nr. 117/1993 um nýjar umsóknir um lífeyrisgreiðslur.

Gjört í Reykjavík, 26. mars 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG**um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að sameina Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og stofna hlutafélag um reksturinn er nefnist Hitaveita Suðurnesja hf. Ríkisstjórninni er heimilt að leggja hlutafélaginu til hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja.

2. gr.

Eignarhlutir í Hitaveitu Suðurnesja við sameiningu skulu skiptast á eftirfarandi hátt:

Reykjanesbær	43,500%
Ríkissjóður Íslands	16,667%
Hafnarfjarðarbær	16,667%
Grindavíkurbær	9,308%
Sandgerðisbær	5,825%
Gerðahreppur	5,058%
Vatnsleysustrandarhreppur	2,975%

3. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samræði við sameigendur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja og eigendur Rafveitu Hafnarfjarðar.